



---

# SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

---

Starfsárið 2023-2024

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 18.04.2024

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Félagið .....	1
Skrifstofa .....	1
Starfsmannamál .....	1
Húsnæðismál.....	2
Starfsemi RA ehf.....	2
Hundavefur .....	2
Ný heimasíða.....	3
Málaferli .....	3
Reglubundið starf innan félagsins .....	3
Lýsandi tölur úr starfi félagsins .....	3
Ættbókarskráningar og félagsmenn .....	4
Heilsufarspróf.....	4
Innflutningur hunda .....	4
Hundasýningar .....	4
Vinnuhundadeild.....	5
Veiðiþróf.....	5
Sólheimakot .....	6
Hundaskóli HRFÍ .....	6
Dómarar .....	6
Nefndir .....	6
Svæðafélög HRFÍ .....	7
Fulltrúaráðsfundur .....	7
Erlent samstarf .....	7

Samskipti við yfirvöld .....	7
Umsögn á reglugerðarbreytingu .....	7
Kynningar og fræðslustarf .....	8
Fræðsla .....	8
Sámur .....	8
Starf ræktunardeilda .....	8
Hlutverk og verksvið ræktunardeilda .....	8
Nýr samstarfsaðili.....	9
Á döfinni.....	9

## Inngangur

---

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 18. apríl 2024 en í henni er gerð grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2023 var haldinn í húsnæði félagsins, Melabraut 17, 220 Hafnarfirði, þann 3. maí 2023. Erna Sigríður Ómarsdóttir var kjörin formaður félagsins. Í stjórn voru kjörnar Anna María Gunnarsdóttir og Erla Heiðrún Benediktsdóttir í aðalstjórn. Anna María Ingvarsdóttir var kjörin varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Erna Sigríður Ómarsdóttir, kjörin formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Anna Guðjónsdóttir, ritari, Anna María Gunnarsdóttir, gjaldkeri og Erla Heiðrún Benediktsdóttir meðstjórnandi. Varamenn, þær Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, sögðu af sér þann 21. ágúst 2023.

Stjórn fundaði 15 sinnum á starfsárinu. Þá nýtti stjórn sér fjarfundarbúnað Teams og afgreiddi erindi milli funda með tölvupóstum. Að auki var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að á milli funda.

HRFÍ sinnir formennsku í NKU (Nordisk Kennel Union) og mun sinna þeirri stöðu til ársloka 2024. Þetta er í fyrsta sinn sem félagið er í forsæti samtakanna.

## Félagið

---

### Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er á Melabraut 17, 220 Hafnarfirði, og er opin fyrir afgreiðslu mánudaga til fimmtudaga frá kl. 10 til 15 og föstudaga frá kl. 10 til 13. Stór hluti þjónustu við félagsmenn fer orðið fram í gegnum tölvukerfi félagsins.

### Starfsmannamál

Á skrifstofu félagsins starfa í dag þær Ágústa Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri, Anna Dís Arnarsdóttir og Júlía Guðmundsdóttir.

Í byrjun starfsárs var nýr framkvæmdastjóri ráðinn, Hansína Guðmundsdóttir, en hún lét af störfum í október. Erna Sigríður Ómarsdóttir tók að sér í sjálfböðavinnu að annast

launaútreikninga, greiðslu reikninga og ýmsa bókhaldsvinnu á þeim tíma sem félagið var án framkvæmdastjóra á árinu, en Ágústa Pétursdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra snemma á þessu ári. Þá er ritstjóri Sáms, Linda Björk Jónsdóttir, á launaskrá félagsins í hlutastarfi.

Stjórn félagsins fór í fjarveru framkvæmdastjóra með starfsmannamál félagsins.

Bókhald félagsins er fært hjá bókhaldsstofunni Verum og endurskoðunarskrifstofan Advant, Hinrik Gunnarsson, framkvæmir könnun á ársreikningi félagsins.

## Húsnæðismál

Þróun hefur orðið á húsnæði félagsins að Melabraut 17 á starfsárinu. Fyrir árslok 2023 var farið í framkvæmdir á gólfinu og það dúklegt. Gólfíð er núna stamara en áður, töluvert auðveldara í þrifum og hefur hljóðvist batnað eitthvað við þessa framkvæmd. Úttekt á hljóðvistun í salnum var gerð fyrir páska og tilboð fengið í framkvæmdir sem áætlaðar eru að hefjist um mánaðarmótin apríl/maí. Einnhverjar framkvæmdir standa til í sumar og haust, meðal annars múrvinna og málun á framhlið húsnæðisins. Einnig stendur til að skipta um útihurð núna í vor.

## Starfsemi RA ehf.

RA ehf. er félag í eigu HRFÍ. Félagið var keypt á árinu 2007 þegar HRFÍ eignaðist fasteign félagsins í Síðumúla. Þegar Síðumúlinn var seldur á árinu 2021, keypti RA Melabrautina og leigir fasteignina til HRFÍ. Samkvæmt lögum þarf leiguverð að vera á eðlilegum viðskiptakjörum.

Lán sem tekið var til að fjármagna kaupin á Melabraut er til 25 ára og mánaðarlegar afborganir eru lægri en leiguverðið. Óhjákvæmilega munu því í framtíðinni safnast upp fjármunir í RA sem stjórn hvers árs þarf að ákveða hvernig skuli ráðstafa. Ráðstöfunin gæti t.d. verið að greiða inn á lán félagsins, nýta fjármunina til að fjármagna frekari framkvæmdir eða greiða arð til HRFÍ.

## Hundavefur

Þróun og viðhald Hundavefsins hefur haldið áfram á tímabilinu. Unnið er að þróun þess hluta kerfisins er snýr að gotskráningum og umsóknum um ræktunarnöfn ásamt skráningu í vinnupróf. Í dag eru allar heilsufars- og vinnuprófsniðurstöður skráðar inn í Hundavef af starfsfólki skrifstofu, svo upplýsingar á vefnum eru að aukast. Eldri upplýsingar og færsla þeirra inn í kerfið er mikilvægt verkefni sem er í vinnslu, en tekur tíma, enda mikið af upplýsingum

til. Uppsetning kerfisins er í höndum norska fyrirtækisins Origin og vélbúnaður og vefþjónar hjá danska fyrirtækinu Tecsys. DKK sér svo um tæknilega aðstoð. Um er að ræða eitt umfangsmesta verkefni félagsins enda gagnagrunnur verðmætasta eign þess.

## Ný heimasíða

Í lok árs 2023 fór í loftið ný heimasíða undir merkinu hrfi.is, gamla síðan er enn aðgengileg undir hrfiisland.weebly.com. Nýja síðan er keyrð með vefverslun, en þar er hægt að kaupa rósettur, bóka salinn á Melabraut, fundarherbergið og Sólheimakot. Einnig hefur vefverslunin verið notuð til þess að halda utan um skráningu og bókun á tímum í heilsufarsskoðanir.

## Málaferli

Málaferli fyrrum ræktenda í félaginu gegn félaginu héldu áfram á árinu. Eftir ítrekaðar frávisanir málsins á tveimur dómsstigum, var félaginu enn og aftur stefnt til að krefjast ógildingar á úrskurði siðanefndar félagsins og miskabóta. Málið var tekið til efnislegrar meðferðar í héraði nú í janúar og þann 14 febrúar s.l. var kveðinn upp dómur þar sem félagið var sýknað af öllum kröfum og dæmdur málskostnaður. Hafa þær áfrýjað þeirri niðurstöðu til Landsréttar svo gera má ráð fyrir að endanleg niðurstaða fái ekki í bráð.

## Reglubundið starf innan félagsins

### Lýsandi tölur úr starfi félagsins

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Hvolpar	1244	1307	1639	1820	2509	2333	2402
Got	274	305	370	403	538	496	517
Skráðir hundar frá upphafi (ca.)	23.698	25.097	26.850	28.812	31.443	33.971	36.591
HD/AD alls	201	227	215	275	260	215	140
Ný ræktunarnöfn	34	34	37	57	78	55	80
Augnskoðanir	643	699	694	203	1250	881	796
Sýndir hundar (allar sýningar)	4270	4491	4569	889	4129	6789	7249
Sýndir hundar (HRFÍ sýningar)	3907	4188	4287	889	3470	5617	6154
Sýndir hundar (deildarsýningar)	363	303	282	0	651	1172	1095

## Ættbókarskráningar og félagsmenn

Ættbókarskráningar hafa aukist lítillega milli ára, eða um 2,96% frá fyrra ári. Einnig fjölgaði skráðum gotum um 21 got eða 4,23% frá árinu 2022.



Þann 4. apríl s.l. voru félagsmenn 4873 talsins og er það um 400 manna aukning frá síðasta ári.

## Heilsufarsskoðanir

Augnskoðanir voru þrjár árið 2023, ein augnskoðun fór fram á Akureyri í júní en aðrar voru haldnar í Sólheimakoti og á Melabraut. Alls voru hátt í 800 hundar skoðaðir á tímabilinu.

Innsendar mjaðmammyndir frá OFA eða SKK voru 140, en þær voru 215 árið 2022 og því sjáum við nokkra fækkun.

## Innflutningur hunda

Innflutningur hunda jókst á milli ára en 218 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu árið 2023 á móti 195 árinu áður. Styttur einangrunartími, sem félagið barðist lengi fyrir, hefur þar væntanlega haft áhrif. Sex ný hundakyn bættust í flóru skráðra hunda hjá félaginu á árinu 2023, Bouvier Des Flandres, Italian greyhound, Continental bulldog, Shiba Inu, Yakutskaya Laika, Italian spinone og Xoloitzcuintle, standard stærð.


## Hundasýningar

Árið 2023 voru haldnar sex (all breed) sýningar á vegum Hundaræktarfélagsins, þrjár alþjóðlegar sýningar og þrjár Norðurlandasýningar. Góð þátttaka var á sýningunum en um 1.000-1.100 hundar voru skráðir á hverja þeirra. Alls voru 6.154 hundar sýndir á þessum sex

sýningum, sem gerir árið í fyrra stærsta sýningarár félagsins. Á nóvembersýningunni hélt HRFÍ í fyrsta sinn Norðurlandamót ungra sýnenda sem fylgir venjulega Nordic Winner sýningunum erlendis. Tókst keppnin vel í alla staði og var félaginu til sóma. Þá stóð félagið fyrir tveimur allbreed hvolpasýningum á árinu 2023 í samstarfi við dómarafélagið, annarri í janúar og hinni í nóvember. Í janúar voru skráðir 124 hvolpar og í nóvember 229 hvolpar, sem er stærsta hvolpasýning félagsins frá upphafi. Á þessum hvolpasýningum dæmdu bæði dómaramenar og reyndir sýningadómarar félagsins.

Deildir félagsins stóðu svo fyrir 14 sýningum á sínum hundakynjum. Það er því óhætt að segja að mikill áhugi sé á starfi í kringum sýningar.

Stjórn vill koma á framfæri þakklæti til sýningarstjórnar og starfsfólks sýninga fyrir frábær störf, án ykkar gætum við ekki staðið fyrir þessu glæsilega sýningastarfi.



## Vinnuhundadeild

Starf vinnuhundadeildar hefur verið öflugt á árinu en deildin hélt átta hlýðniþróf, fimm sporapróf og fyrstu rallý-hlýðni þróf félagsins. Skráðir voru 77 í hlýðni, 28 í spor og 30 í rallý-hlýðni. Í heildina gerir það 135 skráningar sem er 32 skráningum meira en í fyrra og munar þar um rallý-hlýðni þrófin.

## Veiðipróf

Á árinu voru 264 skráningar, eða 143 hundar, í 10 veiðipróf fyrir standandi fuglahunda samanborett við 12 veiðipróf með samtals 357 skráningum í fyrra.



Samtals voru haldin 12 veiðipróf fyrir sækjandi hunda og voru 158 skráningar í þau próf samanborið við 10 veiðipróf í fyrra með 120 skráningum.

## Sólheimakot

Góð nýting var á kotinu líkt og undanfarin ár. Allar deildir geta bókað tíma þar fyrir starfsemi eða viðburði sína, þótt það sé óneitanlega mest notað af eigendum hunda í tegundahópum 7 og 8. Á árinu voru hvolpasamkomur, ýmis námskeið, veiðipróf, fundir, augnskoðanir og fleiri viðburðir í Sólheimakoti. Bóka þarf tíma á hrfi.is og nálgast lykla hjá skrifstofu og skila eftir notkun. Vill Sólheimakotsnefnd minna notendur kotsins á að skilja við það í því ástandi sem þeir vilja koma að því og að ekki er sorphirða í kotinu, því þarf að hafa allt rusl með sér. Sólheimakot er með síðu á Facebook.

## Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði þar til í mars, en þá var skólinn lagður niður. Stjórn vill færa Valgerði Júlíusdóttur, kennara við skólann, miklar þakkir fyrir störf sín í skólanum í gegnum árin.

## Dómarar

Á starfsárinu voru samþykktir tveir nýir sýningadómarar félagsins og eru virkir sýningadómarar félagsins nú 13 talsins. Sjö af núverandi sýningadómurum bættu við sig réttindum á árinu á samtals 24 hundakyn í 6 mismunandi tegundahópum.

Í framhaldi af nýsamþykktum rallý-hlýðni reglum, staðfesti stjórn dómararéttindi fjögurra nýrra rallý-hlýðni dómara.

Samtals eru starfandi 15 veiðiprófadómarar hjá félaginu, þar af eru 9 fyrir sækjandi hunda og 7 fyrir fuglahunda. Halldór Björnsson, veiðiprófsdómari fyrir retriever, lét af dómarastörfum og þakkar stjórn honum góð störf á þeim vettvangi um árabíl.

## Nefndir

Stjórn félagsins skipar nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins, sýninganefnd, ritnefnd, vísindanefnd, ræktunar- og staðlanefnd, laganefnd og skólanefnd, að ótöldum ýmsum öðrum tilfallandi nefndum. Siðanefnd er sérstaklega kjörin af aðalfundi. Í dag eru nefndarmenn félagsins um 60 talsins og

vill stjórn þakka þeim félagsmönnum er sinna þessu fjölbreyttu nefndarstarfi kærlega fyrir þeirra mikilvægu störf.

## Svæðafélög HRFÍ

Tvö svæðafélög eru starfrækt í dag innan félagsins, á Norðurlandi og á Suðurlandi. Svæðafélag Norðurlands hélt á árinu tvö hlýðniþróf í samstarfi við Vinnuhundadeild HRFÍ og tvö veiðiþróf fyrir standandi fuglahunda. Svæðafélag Suðurlands hélt eitt hlýðniþróf í samstarfi við Vinnuhundadeild.

## Fulltrúaráðsfundur

Haldinn var fulltrúaráðsfundur þann 20. september 2023. Góð mæting var á fundinn, en formenn 18 deilda mættu ásamt fulltrúum frá þremur nefndum félagsins og stjórn. Á fundinum urðu góðar samræður um ýmis málefni innan félagsins, svo sem heilsufarsþróf, viðburði deilda, upplýsingaflæði og húsnæði félagsins.

## Erlent samstarf

---

Ísland er í forsæti fyrir NKU, Nordisk Kennel Union, til loka árs 2024 en þetta er í fyrsta skipti sem Ísland gegnir formennsku. Tímabilið er þrjú ár. Árlega eru haldnir tveir fundir þar sem annar hver fundur er rafrænn. Fundur s.l. október var rafrænn en nú í apríl var hann haldinn í Osló. Félagið hefur átt tvo fulltrúa á þessum fundum, formann og ritara/framkvæmdastjóra.

Aðalfundur Europe Section FCI (Evrópuhluta FCI) var haldinn í maí í Herning í Danmörku. Formaður sótti fundinn ásamt Herdís Hallmarsdóttur, sem situr í stjórn Europe Section FCI.

Aðalfundur FCI (General Assembly) var haldinn í Genf dagana 21.-22. ágúst 2023, einnig fór fram Evrópufundur FCI þann 20. ágúst. Fundina sóttu formaður og Herdís Hallmarsdóttir sem situr eins og áður sagði í stjórn Evrópuhluta FCI.

## Samskipti við yfirvöld

---

### Umsögn á reglugerðarbreytingu

Matvælaráðuneytið setti fram drög að breytingu á reglugerð nr. 200/2020 um innflutning hunda og katta. Breytingartillögur Matvælastofnunar snéru að því að óheimilt yrði að flytja inn hunda og ketti til landsins í farþegarými flugvéla, að nokkrar breytingar yrðu gerðar á

áhættuflokkun ákveðinna landa og ákvæði er heimiluðu stofnuninni að gefa kost á því að dýr sem kemur til landsins og uppfylltu ekki skilyrði innflutnings, yrðu flutt aftur úr landi. Umsögn stjórnar HRFÍ má sjá á samráðsgáttinni, umsögnin er númer 23 á lista: <https://island.is/samradsgatt/mal/3627>. Þrátt fyrir mótmæli félagsins og annarra aðila var reglugerðarbreytingin samþykkt og harmar stjórn að yfirvöld skuli hefta hendur hundaeigenda við innflutning enn frekar.

## Kynningar og fræðslustarf

---

### Fræðsla

Í október var haldið ræktendanámskeið með Natalja Skalin. Natalja starfar sem dýralæknir í Svíþjóð og er auk þess þekktur Rough Collie ræktandi og sýningadómari hjá SKK. Námskeiðið var haldið í sal félagsins, Melabraut 17 og var vel sótt af félagsmönnum. Stefnt er á frekari námskeið og fræðslu á næstunni.

### Sámur

Linda Björk Jónsdóttir er ritstjóri Sáms sem er nú alfarið á netinu ([www.hundasamur.is](http://www.hundasamur.is)) og ekki lengur gefinn út í tímaritsformi. Sámur hefur haft það hlutverk að vera fræðandi og upplýsandi fyrir félagsmenn, fjalla almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda, ræktun og heilbrigði, þjálfun, vinnu og annað er félagsmenn kunna að hafa áhuga á.

## Starf ræktunardeilda

---

### Hlutverk og verksvið ræktunardeilda

Ræktunardeildir innan HRFÍ eru 24 talsins og er hlutverk þeirra að standa vörð um viðkomandi hundakyn og að ræktun þeirra stefni að ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI. Stjórnirnar skulu vera ráðgefandi og miðla fræðslu til deildarmeðlima en að auki, hafa þær staðið fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyrja.

Nokkur munur er á starfsemi einstakra deilda og eru sterkustu deildirnar óneitanlega svokallaðar. safn- og hópdeildir sem halda utan um heilan tegundahóp eða stóran hóp hundakynja innan tegundahópa. Stjórn telur mikilvægt að öll hundakyn félagsins eigi samastað í ræktunardeild en í dag eru reglur ekki skýrar um það. Vill stjórn gjarnan setja af

stað vinnu með ræktunardeildum á nýju starfsári, til að finna sem bestan farveg fyrir öflugum starfi allra deilda.

## Nýr samstarfsaðili

---

Félagið hefur í fjölmörg ár átt gott samstarf á vettvangi sýningahalds við Sláturfélagið (Pedigree) og síðar Dýrheima (Royal Canin).

S.l. haust var ákveðið að endurskoða samstarfssamninga félagsins vegna sýninga í ljósi breyttra þarfa og var ákveðið að auglýsa eftir áhugasömum aðilum með slíkt samstarf í huga. Eftir samtöl og yfirlegu á tilboðum, ákvað stjórn að semja við Petmark til þriggja ára sem aðal samstarfsaðila félagsins. Var fyrsta sýningin með aðkomu Petmark nú í mars þar sem allt gekk ljómandi vel.

Stjórn vill nota tækifærið og þakka Sláturfélaginu og Dýrheimum ómetanlegt samstarf á liðnum árum.

## Á döfinni

---

Framundan er viðburðaríkt ár, stórar sem litlar sýningar, vinnupróf, veiðipróf og aðrar hundatengdar upptökur. Stefnt er að því að halda ræktendanámskeið síðar á þessu ári sem verður auglýst á heimasíðu félagsins. Tvær augnskoðanir eru á dagskrá til viðbótar á árinu, sú fyrri nú í júní og er skráning þegar hafin í hana, sú seinni er áætluð í lok október nk. Þann 27. apríl verður haldin BOAS hópskoðun í fyrsta sinn á Íslandi, en BOAS er öndunarfærpróf fyrir enskan bolabít, franskan bolabít og pug, en síðar á þessu ári verður ásættanleg niðurstaða í þessu prófi krafa fyrir ræktun þessara hundakynja.

Þá eru frekari framkvæmdir fyrirhugaðar á húsnæði félagsins eins og tæpt hefur verið á, bæði innan og utandyra.

Bent er á að hægt er að sjá viðburði félagsins auglýsta í viðburðadagatali á heimasíðu félagsins, [www.hrfi.is](http://www.hrfi.is).

Að lokum vill stjórn enn og aftur koma á framfæri þakklæti til fjölmargra sjálfboðaliða félagsins og annarra velunnara. Framkvæmdastjóra og starfsfólki skrifstofu eru þökkúð vel unnin störf og samstarfsaðilum félagsins sömuleiðis.

## Áritun stjórnar

---



Undirritað af:  
Ema Sigríður Ómarsdóttir  
2706962449  
Dags: 16.04.2024  
Tími: 11:49:45  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 2895ddcf-fd12-49d5-bd66-f35ed1dd24fd



Undirritað af:  
Guðbjörg Guðmundsdóttir  
2810624929  
Dags: 17.04.2024  
Tími: 11:41:59  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 2895ddcf-fd12-49d5-bd66-f35ed1dd24fd



Undirritað af:  
Erla Heiðrún  
Benediktsdóttir  
1001824089  
Dags: 16.04.2024  
Tími: 11:57:02  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 2895ddcf-fd12-49d5-bd66-f35ed1dd24fd



Undirritað af:  
Anna Guðjónsdóttir  
0508883399  
Dags: 16.04.2024  
Tími: 14:46:19  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 2895ddcf-fd12-49d5-bd66-f35ed1dd24fd



Undirritað af:  
Anna María Felzmann  
Gunnarsdóttir  
1303642689  
Dags: 16.04.2024  
Tími: 12:06:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 2895ddcf-fd12-49d5-bd66-f35ed1dd24fd